



Morgunblaðið/Einar Falur

Listamaðurinn „Þetta eru kunnugleg op en jafnfram dularfull,“ segir Baldvin Einarsson.

Lágmyndir sem umgjörð um myrkur

● Baldvin Einarsson sýnir í D-sal Hafnarhússins

„Þetta eru kunnugleg op en jafnfram dularfull – og bjóða upp á vissa valmöguleika,“ segir myndlistarmaðurinn Baldvin Einarsson um innsetningu sína sem verður opnuð í D-sal Hafnarhúss Listasafns Reykjavíkur í dag, fimmtudag, klukkan 17. Sýninguna kallar Baldvin einmitt *Op*.

Í texta sem fylgir sýningunni úr hlaði segir að á henni skoði Baldvin samspil þess innra og þess ytra. Áhorfendum er boðið að horfa inn um það sem virðast vera íburðarmiklar bréfalúgur – og má því segja að hann snúi sýningar-salnum á rönguna þar sem bréfalúgur snúa vanalega út. Bréfalúgur eru gáttir þar sem upplýsingar fara úr almennarými inn í einkarými. Hér eru þær rammar utan um tómið milli hins ytra og hins óséða og óræða innra.

Áhorfendur stíga inn í rými valmöguleika þar sem þeim gefst kostur á að máta eina eða fleiri fullyrðingar við sjálfa sig, vega þær og meta. Þeir fá tækifæri til þess að finna sig í sýningunni, að enduruppögðva gleymd sjálf eða jafnvel finna sér nýtt hlutskipti í lífinu.

Pegar blaðamaður kemur við í sýningar-salnum er Baldvin að koma fjölda bréfalúga fyrir og segir þar vera komin „tóm ýmissa möguleika – það er óvissa í myrkrinu. Þetta er umgjörð um myrkur“.

Ramminn um opin sem Baldvin vinnur með eru eins konar skúlptúrískar lágmyndir steiptar í brons en hann segist hafa nú unnið í þann miðil í fyrsta skipti. „Eg hef áður unnið með rifur, og hef verið að gera lágmyndir, en tek hvort tveggja hér lengra. Dyrálúgan er hversdagslegur hlutur en bronsið er eiginlega virðulegasta skúlptúrefnið, mér fannst spennandi að steypa því hér saman.“

Baldin (f. 1985) útskrifaðist með BA-gráðu frá LHÍ fyrir tíu árum og meistara-gráðu frá Konunglega akademíinu í Antwerpen árið 2013. Hann stofnaði og rak, ásamt fleirum, sýningarrýmið Kunstschlager í Reykjavík og ABC Klubbhúsið í Belgíu. Verk Baldvins hafa verið sýnd víða en á síðustu árum einkum í Belgíu. Sýningarstjóri *Ops* er Birkir Karlsson, verkefnastjóri hjá Listasafni Reykjavíkur.